

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 9. október 2020

Mætt voru á fjarfund í gegnum Teams:

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ), umsýsluaðili Sprotasjóðs

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Björk setti fundinn kl. 09:00 og Dana var fundarritari.

Vinnulag og starfsáætlun stjórnar veturinn 2020-2021

Tafir hafa orðið á framkvæmd skiplags Sprotasjóðs vegna COVID-19 faraldursins.

Verkefnaðið sem átti að ljúka í ágúst og september verða færðir yfir í október.

Áherslur sjóðsins á næsta tímabili – tillögur til umræðu

Mikið álag hefur verið í öllum skólum vegna COVID-19 faraldursins og þarf að taka tillit til þess þegar að ný áherslusvið sjóðsins verða ákveðin. Stjórn telur að mikið álag verði á skólakerfinu næstu mánuði og hafa áhyggjur af því að ekki gefist tími til þess að sækja um í sjóðnum. Vangaveltur voru um það hvort mögulegt sé að einfalda bæði umsóknarferlið og þemun, án þess að það hafi áhrif á gæðin, og skólarnir sjái samt tækifæri til þess að senda inn umsókn. Sprotasjóður þarf að koma með nýtt og kröftugt áherslusvið sem hefur grípandi áhrif og nær til eyrna kennara. Samstarf á milli kerfa gæti verið leiðin.

Nýir kennsluhættir er tillaga að áherslu fyrir næsta úthlutunarár. Kennarar hafa staðið sig mjög vel í að aðlagast breyttum aðstæðum vegna faraldursins. Er það talinn vera lærdómur sem að getur gefið af sér frekari tækifæri til breytinga. En að sama skapi virðast mörg börn vera koma illa út úr þessu ástandi, t.d. börn af erlendum uppruna, með sérþarfir, þurfa meiri stuðning og einnig nýnemar í framhaldsskólum, en þau eru mörg hver að detta út úr skólum sem er alvarlegt ástand. Vangaveltur voru um það hvernig skólinn getur sinnt öllum þáttum, þ.e. innleiðing á nýjum kennsluháttum og hvernig skal halda utan um þá nemendur sem eru í brothættri stöðu.

Mikilvægt er að eiga samtál við fólkið á vettvangi og fá heiðarlega umræðu á því hvernig þau meta stöðuna. Upp kom sú hugmynd að stjórn Sprotasjóðs haldi fund með fulltrúum Grunns til þess að ræða hvernig Sprotasjóður getur stutt við skólaþróun á vettvangi og hvaða áherslusvið muni nýtast best í ástandinu sem er í samfélagi okkar í dag.

Áherslusvið Sprotasjóðs 2021-2022 verða kynnt þann 13. nóvember nk.

Önnur mál

Ákveðið var að skrifa stuttar tilkynningar í Eplið um Sprotasjóð í þeim tilgangi að sá fræjum hjá kennurum og láta vita að nú stýttist í að opnað verði fyrir umsóknir í sjóðinn. Verða þetta 4-5 tilkynningar sem birtast hálf mánaðarlega og mun stjórn Sprotasjóðs skipta með sér verkum við útfærslu á þessum tilkynningum.

BÓ mun skipuleggja fund með stjórn Grunns í viku 43.

DRJ mun skoða hvort svigrúm sé innan fjárramma samningsins til þess að bæta við verkefnum sem tengjast umsóknarferlinu.

Fundi slitið kl. 09:55